

28. Frumvarp

til laga um veitingu prestakalla.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Þá er prestakall losnar, fer um veitingu þess svo sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Heimilt skal söfnuði að kalla sér prest, eða prestefni til þjónustu prestakallsins.

3. gr.

Jafnskjótt og prestakall losnar, tilkynnir biskup, svo fljótt, sem verða má, sóknarnefnd eða sóknarnefndum þess, innan hve langs tíma köllun skuli hafa farið fram. Skal fresturinn jafnan ákveðinn svo stuttur, sem fært þykir í hvert sinn. (Að jafnaði ekki lengri en mánuður).

4. gr.

Þá er sóknarnefndir hafa fengið tilkynningu um köllunarfrest þann, er þeim er veittur, skal oddviti sóknarnefndar í heimakirkjusöfnuði prestakallsins kalla allar sóknarnefndir þess á sameiginlegan fund, til að undirbúa köllun prests í prestakallið.

5. gr.

Nú er tala atkvæðisbærra safnaðarmanna í sóknum prestakallsins misjöfn, svo að munar meiru en 200, ska! þá deila tölu sóknarnefndarmanna í hverri sókn í tölu þeirra manna, er atkvæðisrétt eiga á safnaðarfundum sóknarinnar, og hefir þá hver sóknarnefndarmaður 1 atkvæði fyrir hvert hundrað, sem út kemur. Nú kemur út lægri tala en hundrað og veitir hún 1 atkvæði.

6. gr.

Jafnskjótt og sóknarnefndir hafa komið sér saman um ákveðinn prest eða prestsefni skulu þær, hver í sinni sókn, tilkynna söfnuðunum ákvörðun sína. Skal það gert með umburðarbréfi (bréfum) á hvert heimili prestakallsins og rita allir sóknarnefndarmenn nöfn sín undir það og geta þess, ef ágreiningur hefir orðið milli þeirra. Skal húsbóndi, húsfreyja eða einhver heimilismaður rita nafn sitt og dagsetningu á bréfið, til viðurkenningar um, að það hafi komið á heimilið.

7. gr.

Í umburðarbréfi sóknarnefnda skal ákveðina hæfilegur frestur til mótmæla sóknarmanna, aldrei skemmri en 5 dagar frá því, er öll heimili prestakallsins hafa fengið að vita um ákvörðun sóknarnefnda.

8. gr.

Hverjum þeim manni, er atkvæðisrétt hefir á safnaðarfundum í prestakallinu, er heimilt að bera fram mótmæli gegn ákvörðun sóknarnefnda. Skulu þær í umburðarbréfum sínum tiltaka stað og stund, þar sem mótmæli séu fram borin. Skal vera ákveðinn a. m. k. einn staður í sókn hverri til þess, og skulu ekki færri en 2 sóknarmenn, eða menn, sem þeir kveðja til, verða viðstaddir á hverjum stað. Þeim, sem mótmæli bera fram, er heimilt að tilnefna einn mann á hverjum stað með sóknarnefndarmönnum til eftirlits. Votta þeir síðan, að allt hafi löglega fram farið.

9. gr.

Í kaupstöðum landsins og annarstaðar, þar sem umburðarbréfum samkv. 6. gr. verður ekki við komið á svo skönuum tíma vegna fjölmennis, skulu sóknarnefndir auglýsa ákvörðun sína á þann hátt, er kirkjustjórnin ákveður á hverjum stað.

10. gr.

Nú komu fram mótmæli samkvæmt 8. gr. gegn köllun þess prests, sem sóknarnefndir hafa komið sér saman um, frá a. m. k. $\frac{1}{4}$ hluta allra þeirra, sem atkvæðisrétt eiga á safnaðarfundum í prestakallinu, og ferst þá köllun þess prests fyrir.

11. gr.

Nú hafa ekki komið fram mótmæli frá að minnsta kosti $\frac{1}{4}$ hluta allra þeirra, er kosningarrétt eiga á safnaðarfundum í prestakallinu. Sendir sóknarnefnd þá köllunarbréf sitt, er kærufrestur (sbr. 17. gr.) er á enda, til biskups ásamt mótmælum, sem fram kunna að hafa komið og kærur. Þá er úrskurður hefir fallið um kærur þær, sem kunna að hafa fylgt, tilkynnir biskup hlutaðeigandi presti köllunina, --- og verði hann við henni, sendir biskup köllunarbréf til ráðuneytisins, sem veitir þá þegar embættið samkvæmt því.

12. gr.

Nú hefir söfnuði ekki tekizt að kalla sér prest innan hins ákveðna tíma, og skulu sóknarnefndir þá þegar tilkynna það prófasti og biskupi í símskeyti. Auglýsir biskup þá jafnskjótt prestakallið til umsóknar og skal umsóknarfrestur ekki skemmri en 4 vikur.

13. gr.

Þá er umsóknarfrestur er útrunninn, sendir biskup sóknarnefndum umsóknirnar og álit sitt um umsækjendur. Leitar hann jafnframt álits þeirra um hvern umsækjandann þeir óski helst að fá. Á sama hátt tilkynnir hann þetta einnig prófasti og kirkjuráði og leitar álits þeirra um veitinguna.

14. gr.

Nú er að minnsta kosti þriðjungur allra sóknarnefndarmanna, sbr. 5. og 6. gr., ekki sammála meiri hlutanum um val prests og skulu þeir þá semja sérálit og senda með sem ósk minni hlutans.

15. gr.

Nú fer álit þessara þriggja aðila, sóknarnefnda eða meiri hluta þeirra, prófasts og kirkjuráðs saman, eða að minnsta kosti annar aðilinn, prófastur eða kirkjuráð, er sammála óskum sóknarnefnda eða meiri hluta þeirra, sbr. 5. gr., og skal þá jafnan veita embættið samkvæmt því. Og fari óskir minni hluta sóknarnefnda, sbr. 14. gr., samaa við álit bæði prófasts og kirkjuráðs, skal veiting einnig fara fram samkvæmt því.

Nú er prófastur meðal umsækjenda um prestakall innan prófastsdæmisins, kemur þá álit biskups um umsækjendur í stað álits prófasts.

Nú á umsækjandi sæti í kirkjuráði og tekur þá varamaður hans sæti í ráðinu í hans stað.

16. gr.

Nú getur veiting ekki farið fram samkvæmt 11. eða 15. gr. Leitar þá ráðherra álits biskups um veitinguna og veitir síðan embættið.

17. gr.

Kærur um ólöglega framkvæmd köllunar skulu sendar sóknarnefnd-
aróddvita innan 3ja daga eftir að köllnn hefir fram farið, en hann sendir
þær biskupi ásamt umsögn sóknarnefndar. Leggur ráðuneytið síðan sam-
kvæmt tillögum biskups úrskurð á kærurnar og hvort köllun skuli fram
fara að nýju.

18. gr.

Undanskilin veitingarákvæðum laga þessara skulu vera 2 prestaköll,
meðal hinna hægustu á landinu, þau er ráðherra ákveður síðar, eftir til-
lögum kirkjuráðs.

19. gr.

Prestaköll þessi skulu njóta launakjara, er að minnsta kosti séu $\frac{1}{4}$
hærri en í öðrum prestaköllum landsins.

20. gr.

Prestaköll þessi skulu veitt þeim prestum einum, sem hafa áunnið
sér viðurkenningu sem kennimenn, rithöfundar, skáld, fræðimenn eða
þeim, er teljast sérstaklega hæfir til að verða síðar kennarar í guðfræði.
Þessi prestaköll skulu því ekki auglýst til umsóknar, heldur veitir ráðherra
þau eftir tillögum kirkjuráðs.

21. gr.

Kostnaður við köllun presta greiðist úr sjóði sóknarkirkju, ef hún
er safnaðarkirkja, annars jafnar sóknarnefnd kostnaðinum niður á gjald-
endur sóknarinnar.

Nú er í prestakalli fleiri en ein sókn, og skiptist þá kostnaðurinn á
kirkjurnar eftir tölu safnaðarmanna í hverri sókn.

II. KAFLI.

Um embættaskipti innan þjóðkirkjunnar.

22. gr.

Sóknarprestum þjóðkirkjunnar skal heimilt að hafa skipti á presta-
köllum um stundarsakir, ef sóknarnefndir samþykkja og kirkjustjórn
leyfir. Fer þá fram úttekt á undan og eftir á öllu því, er fylgir hvoru
prestakallinu fyrir sig, svo sem við venjuleg prestaskipti, og ber þá hver
prestur ábyrgð á prestsetri og öðru því, er prestakalli því fylgir, er hann
þjónar. Þó er prestunum heimilt, með leyfi biskups, að skipta um prestaköll

allt að 6 mánuðum án þess að regluleg úttekt fari fram, ef prófastur hvors þeirra um sig er því samþykkur og hann afhendir prestakallið.

23. gr.

Nú óska prestar að skipta að fullu og öllu um prestaköll. Skulu þá sóknarnefndir beggja prestakallanna, ef þær eru skiptunum samþykkar gera tilraun til köllunar, á sama hátt sem þá, er prestakall losnar. Takist sú köllun á löglegan hátt, án þess að gildar kærur hafi fram komið, veitir ráðherra prestaköllin samkvæmt því.

Sektarákvæði.

24. gr.

Hvorki sóknarnefndarmaður né nokkur annar, sem staddur er í herbergi því, þar sem mótmæli samkvæmt 8. gr. fara fram, má beinlínis eða óbeinlínis gera nokkra tilraun til að snúa hug mótmælanda.

Brot gegn ákvæðum þessum varða einföldu fangelsi, ekki skemur en viku, eða sektum ef málsbætur eru, þó ekki undir 20 kr. — Önnur brot gegn lögum þessum varða allt að 200 kr. sektum til prestlaunasjóðs.

25. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 frá 3. nóv. 1915 um veitingu prestakalla.

26. gr.

Með mál útaf brotum samkvæmt lögum þessum fer sem með almenn lögreglumál.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1932 og skal þá fara fram ný kosning í allar sóknarnefndir á landinu, áður en þau koma til framkvæmda.

Greinargerð.

Það mun nú, því sem næst, almennt viðurkennt, að meginhugsun laga nr. 32, 1915 sé rétt, — sú, að láta söfnuðina sem mest sjálfráða í vali presta sinna. Átti það fyrst og fremst að tryggja betri samvinnu milli presta og safnaða. — Hinu verður aftur á móti ekki neitað, enda almennt viðurkennt, að margir agnúar hafa komið í ljós við framkvæmd þeirra.

Við fyrirspurnum þeim, sem kirkjumálanefnd hefir beint til presta og safnaða um þessi efni, hafa svör presta verið nær einróma í þá átt, að halda verði fast við þá meginhugsun laga nr. 32, 1915, að söfnuðir ráði algerlega veitingu prestakalla, ef þeir eru nær einhuga um prestsval, en eigi hinsvegar nokkuð á hættu, ef þeir hleypa af stað æsingum og sundrung innbyrðis.

Svör safnaðanna sýna einnig flest, að þeir eru heldur ekki allskostar ánægðir með prestkosningalögin, og hafa fundið ýmsa galla við framkvæmd þeirra.

Síðasta prestastefna og margir héraðsfundir hafa eindregið óskað breytinga í þá átt, sem hér er lagt til.

Æsingar og undirróður er nú orðið svo algengt við prestkosningar, að fremur má teljast til undantekninga, ef þær fara að öllu friðsamlega fram. Er það þó öllum ljóst, hvílik hætta kirkjulegri starfsemi er af þessu búin. Æsingarnar sundra kröftum safnaðarstarfseminnar og verða þess valdandi, að fjöldi presta á ákveðinn andstöðuflokk strax, er þeir koma til safnaðanna. Fer það vonum, að allir eru ekki jafn lagnir á að jafna það og vinna samhug safnaða sinna í starfinu, þegar svo er um búið í byrjun. Reynist oft á því sviði, sem annarsstaðar, að það sé hægara að vekja sundrungina en eyða henni. —

Vegna þessa og annara agnúa prestkosninganna er svo komið, að margir hinna beztu og hæfustu manna innan prestastéttarinnar eru mjög tregir til að sækja um önnur prestaköll, þótt þeir annars óskuðu að skipta um starfssvið og gætu með því móti betur notið hæfileika sinna. Þannig stuðlar margt að því, að prestkosningalögin ná ekki tilgangi sínum í framkvæmdinni. Það er ekki nema í orði, að fólkið sjálft eða söfnuðurnir ráði um val prests, heldur verður það bæði tilviljun, sem ræður um það, hverjir sækja í hvert sinn, sem og hvort kosning verður lögmæt.

Tilgangur þessa frumvarps er sá, að reyna að bæta úr þessum augljósustu göllum prestkosningalaganna. Er hér haldið meginhugsun þeirra, að veitingavaldið sé hjá söfnuðum sjálfum og réttur samhuga safnaðar aukinn, þar sem hann getur sjálfur kallað sér prest, og á ekki eins og nú bundin atkvæði um þau ein prestsefni, er sótt hafa um prestakallið.

Samkvæmt þessu frumvarpi, ef að lögum verður, lætur söfnuðurinn ekki lengur tilviljun eina ráða um það, hverjir sækja um prestakallið, heldur snýr hann sér þegar til þess manns, eða manna, innan prestastéttarinnar eða í guðfræðingahóp, sem hann hefir helzt augastað á. Hefir hann þá fullt vald til að ráða sér prest án ihlutunar kirkjustjórnar. En takist köllun ekki, þá er, með ákvæðum 12.—15. gr., söfnuði tryggt það vald um veitinguna, sem öll sanngirni mælir með og honum gæti að fyllstum notum orðið, þegar svo er komið, að skoðanir manna eru mjög skiptar. Samþykki kirkjulegs aðila, biskups, prófasts og kirkjuráðs ætti að vera trygging þess, að söfnuðir legðu meiri alúð við val sitt, og enda réttmætt að álits þeirra gæti að einhverju, ef sundrung er innan safnaðanna. Þá virðist það og til bóta, að prestar eða prestsefni hafi eigi lengur slíka hvöt til að fara í prestaköllin á meðan undirbúningur kosninga fer fram, eins og núgildandi veitingalög gefa þeim. Það mun hugur manna innan prestastéttarinnar, að setja það ákvæði í stéttareglur sínar (codex eticus), að prestar meggi ekki fara í prestaköll fyrr en köllunarfrestur er liðinn, nema þá eftir ósk sóknarnefnda.

Frumvarp þetta ætti einnig að stuðla að því, að vekja almennan áhuga um val sóknarnefnda, þar sem þær fá meiri áhrif um val prests, og verður að

telja það framför. Að sjálfsögðu verður að kjósa allar sóknarnefndir að nýju, um leið og lög þessi koma til framkvæmda. Að öðru leyti skal vísað til athugasemda um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.—2. gr.

Köllun virðist að mörgu leyti hin æskilegasta lausn veitingar við prests-embætti. Söfnuður getur þá leitast við að fá þann prest, sem hann hefir helzt augastað á, og er þá með öllu einráður, ef hann er einhuga í því efni. Er hann þar með öllu frjálsari en eftir núgildandi lögum. Presturinn er hinsvegar laus við að þurfa ætíð að bjóða sig fram og láta dæma um sig og starfshæfileika sína af þeim, sem oft hafa litinn kunnugleik til þess. Samstarf með söfnuði og presti er ekki tryggt á annan hátt betur, en þegar söfnuðurinn hefst handa um að fá hann og hann kemur til þeirra samkvæmt eindreginni ósk þeirra. Þar ætti traustið að vera vist á báðar hliðar, og er þá líklega farsælt samstarf, er svo er byrjað.

Um 3. gr.

Frestur til köllunar er ákveðinn svo stuttur, til þess að koma fremur í veg fyrir, að æsingar og undirróður geti komizt að. Sér söfnuður þá, að vald hans til köllunar hverfur, ef æsingar fá lausan taum.

Um 4. gr.

Ætlast er til að sóknarnefndirnar leiti fyrir sér um vilja safnaðarmanna, á safnaðarfundum eða á annan hátt, áður en þær gera ákveðna tillögu um köllun.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar á að tryggja hverjum söfnuði innan prestakalls jafnrétti móti öðrum söfnuðum þess við köllunina, eða frumkvæðið að henni. Verður þar að miða við mannfjölda, eftir því sem við verður komið.

Um 6. gr.

Sjálfsagt þykir, að söfnuður i heild hafi úrskurðarvaldið um köllunina, og verða því sóknarnefndir jafnan að leita álits þeirra. Rétt er að söfnuðir viti ef sóknarnefndir eru ekki einhuga í áliti sínu.

Um 7. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 8. gr.

Réttara þykir að láta aðeins þá greiða atkvæði, sem eru mótfallnir ákvörðun sóknarnefnda. Er það bæði fyrirhafnarminna og enda síður hætt við æsingum.

Um 9. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 10. gr.

Það virðist réttmætt að söfnuðir fái ekki slíkt ótakmarkað vald til veitingar, nema sá samhugur sé um hana, sem hér er gert ráð fyrir.

Um 11. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 12. gr.

Umsóknarfrestur er hér settur styttri en núverandi prestskosningalög ákveða hann, vegna þess að köllunarfrestur er genginn á undan, og því sennilegt, að þeir, sem hug hefðu á að sækja um prestakallið, hefðu frétt um að það væri laust, og auk þess slæmt að lengja svo mjög þann tíma, sem prestakallið yrði að vera prestslaust.

Um 13. gr.

Eðlilegt er, að álits safnaðar sé leitað fyrst og fremst, enda ræður það mestu um veitinguna síðar. Prófastur á að vera sá kirkjulegur aðili innan héraðs, sem kunnugastur er bæði þörf safnaðarins og aðstöðu til starfs hjá honum, auk þess sem hann er líklegur til að þekkja flesta umsækjendur meira og minna. En kirkjuráð á að vera færast um að dæma um hæfileika og verðleika umsækjanda.

Um 14. gr.

Sjá skýringar við næstu grein.

Um 15. gr.

Það þykir réttmætt, að sóknarnefndir eða meiri hluti þeirra, ráði veitingu, ef hann fær samþykki kirkjulegs aðila, prófasts eða kirkjuráðs. Gefur það honum ríkari ástæðu til að vanda álit sitt, og láta enga hlutdrægni koma þar til greina, og það því fremur þegar minni hlutinn, sbr. 14. gr., getur ráðið meiru, — eða alveg ráðið veitingunni, ef samþykki beggja hinna kirkjulegu aðila fæst, prófasts og kirkjuráðs. Þetta hvorttveggja á að gefa sóknarnefndum aðhald, bæði gagnvart æsingum og hlutdrægni, ef þess gerist þörf. En vald safnaðar aftur aukið að mun, þar sem þannig eru tvær leiðir fyrir óskir hans, þótt köllun hafi farizt fyrir. Er þá ósennilegt mjög, að honum takist ekki að ráða mestu um úrslit veitingarinnar.

Um 16. gr.

Þetta er sama ákvæði og nú gildir, ef ekki fæst meiri hluti við kosningu, og sést þá að söfnuði eru opnar fleiri leiðir til að ráða veitingu, og réttur hans í því efni rýmkaður.

Um 17. gr.

Kærufrestur er ákveðinn svo stuttur til þess að hægt sé að hraða kölluninni svo sem föng eru á. Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringa.

Um 18.--20. gr.

Ákvæði greina þessara eru með öllu nýmæli í islenskri kirkjulöggjöf, -- en þekkjast erlendis. Þau eiga að hæta, þótt ekki verði nema að litlu leyti, aðstöðu presta til vísindaiðkana og ritstarfa, -- jafnframt því, sem þetta væri nokkurskonar viðurkenning þjóðarinnar til þeirra manna liðinna í prestastétt, sem mestu hafa þar afrekað á sviði bókmenntanna. -- Síndi þá þjóðin, að hún teldi það nokkurs virði, að slík iðja væri áfram stunduð af starfsmönnum kirkjunnar. -- Þessa er því fremur þörf, þar sem flest prestaköll landsins eru orðin það stór og erfið þjónustu, að fæstir þjónar kirkjunnar munu eiga þess nokkurn kost, að stunda þá iðju að nokkrum mun, þótt hugur þeirra hneigist að því. Enda fer það stöðugt þverrandi, sem prestar leggja fram á því sviði. Þá er það Háskóla vorum ekki með öllu hættulaust, að þeir menn, sem líklegastir þykja til að takast á hendur kennarastöður við hann síðar, eigi hvergi athvarf nema í erfiðum og oft afskektum prestaköllum, þar sem þeir hafa enga möguleika til að iðka fræði sín á vísindalegan hátt, og fylgjast með í því, sem merkast kemur fram á hverjum tíma í þeirra fræðigrein.

Jafnvel þótt prestaköll þessi yrðu ekki nema tvö, þykir þetta svo miklu skipta fyrir starf kirkjunnar og aðstöðu til menningaráhrifa, að vart þykir horfandi í þann örlitla útgjaldaauka, er ákvæði þessi hafa í för með sér.

Um 21. gr.

þarf ekki skýringar við.

Um 22.--23. gr.

Prestakallaskipti hafa áður verið heimiluð og gáfust oft vel. Oft gæti það verið bæði presti og söfnuði holt, að skipta um stundarsakir. Það gæti orðið presti ný hvöt til að leggja sig fram, ef hann kæmi um stund út úr daglegu umhverfi, þar sem hann starfar ár eftir ár, -- og endá veitt honum reynslu, sem honum mætti síðar að gagni verða heima fyrir. Enginn prestur er svo fullkominn, að hann fái í starfsemi sinni fullnægt hverju sóknar barni sínu. Ætti það því að vera ávinningur fyrir söfnuðinn, að fá nýjan prest um stundarsakir, jafnvel þótt sóknarpresturinn sé yfirleitt vel látinn. Eru þessi ákvæði sett samkvæmt ósk nokkurra presta í kaupstöðum og verzlunarstöðum.

Um 24. gr.

þarf ekki skýringar.

Um 25. gr.

þarf ekki skýringar.

Um 26. gr.

Þar sem sóknarnefndir eru nú ekki kosnar með þetta verkefni fyrir augum, sem þeim er hér falið, þykir þetta sjálfsagt ákvæði.